



KENNASAMBAND ÍSLANDS
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

11. desember 2014

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um bætt hljóðvist og aðgerðir til að draga úr erilshávaða í kennsluhúsnæði

(144. löggjafarþing 2014-2015. Þingskjal 235 – 209. mál)

Kennarasamband Íslands (KÍ) fagnar tillögu til þingsályktunar um bætt hljóðvist og aðgerðir til að draga úr erilshávaða í kennsluhúsnæði.

Undanfarin misseri hefur KÍ, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og Valdísi Jónsdóttur, radd- og talmeinafræðing, unnið markvisst að því að draga úr hávaða í skólum og vekja athygli á mikilvægi þess að hlúa að rödd og hlustun í kennsluumhverfi. Þessir aðilar hafa þegar gert ýmislegt í baráttunni, bæði í samstarfi og hver í sínu lagi, sem ekki verður tíundað frekar hér. Staðreyndin er hins vegar sú að þrátt fyrir fræðslu og aðgerðir til úrbóta kemur ekki til með að nást fullnægjandi árangur í baráttunni nema að farið verði í markvissar aðgerðir í samstarfi hlutaðeigandi aðila.

Í desember 2013 héldu KÍ og Samband íslenskra sveitarfélaga samráðsfund með hagsmunaaðilum þar sem rætt var um stöðu mála og mögulega aukið samstarf. Á fundinn mættu, auk fulltrúa KÍ og sambandsins, fulltrúar frá Embætti landlæknis, Heimili og skóla, Heyrnar- og talmeinafræðingnum, Mannvirkjastofnun, Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, Umboðsmaður barna, Umhverfisstofnun, Vinnueftirlitinu og Valdís Jónsdóttir radd- og talmeinafræðingur. Á fundinum kom fram að aðilar eru sammála um mikilvægi þess að taka markvisst á vandanum og mikill áhugi á auknu samstarfi og samráði.

KÍ vill því leggja áherslu á að í starfshópinum verði einnig skipaður fulltrúi frá Vinnueftirlitinu, sem m.a. hefur eftirlitshlutverk hvað varðar aðbúnað starfsmanna skóla, annast mælingar á hávaða og öðrum umhverfisþáttum og veitir ráðgjöf og leiðbeiningar um vinnuvernd og heilsuvernd starfsmanna.

Í ljósi þess að skólar eru vinnustaðir bæði starfsfólks og nemenda væri einnig æskilegt að Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi eigi fulltrúa í starfshópnum. Heilbrigðisnefndir hafa einnig það hlutverk að sinna hollustuvernd, eftirliti, mælingum og fræðslu hvað varðar hávaða í skólum og áhrifaþáttum hans – út frá sjónarhóli nemenda.

Í tillögunni segir að verkefni starfshópsins sé að „tryggja að erilshávaði í kennsluhúsnæði skaði ekki rödd og heyrn nemenda, kennara og starfsmanna og hafi ekki neikvæð áhrif á líðan og námsfærni nemenda“. KÍ telur óraunhæft að það verði verkefni starfshópsins „að tryggja“ slíkt heldur fremur að „finna leiðir til að...“.

Með einlægri von um að tillaga þessi nái fram að ganga á Alþingi.

f.h. Kennarasambands Íslands
Hafís D. Guðmundsdóttir,
sérfræðingur í vinnuumhverfis- og jafnréttismálum hjá KÍ.